

L ö g

Nr. 44.
2.
nóvbr.

um viðauka við lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, eru undanþegnar vörutolli, þó því að eins, að þær sjeu endursendar í hinum sömu umbúðum, sem þær voru sendar í frá landinu.

Afhenda skal gjaldheimtumanni landssjóðs á þeim stað, þar sem heimsend vara er sett á land, vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

Nr. 45.
2.
nóvbr.

um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, krít, leir, karbid, bensin, þakhellur, netakúlar og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, fiskfóðurmjöl, hjólklafar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur,

Nr. 45. kvíslar, spaðar, bátavjelar (mótorar), lausar umbúðir, tómir pokar, kork, netagarn, ^{2.}tilbúin segl, kaðlar allskonar og færi, olíur í tunnum og í dúnkum, aðrar en steinolia og ^{nóvbr.}bensín, strigaábreiður (Presenninger) og járnbrautarteinar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (hlekkjafestar), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnþípur, gips, hefilsþæmir og sag, olíufatnaður, gólfdukar (Linoleum) og gólfbræðingur (Linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinnu og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni og neta-garni, 0,60 kr. af hverjum 10 kilogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar bátar taldir.

Sjötti liður 1. málsg. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kilogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, hey, síld til beitu, steinlimspípur, leirþípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af pósthögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.